

Borgarráð Reykjavíkur  
Einar Þorsteinsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 6. nóvember.2024  
Málsnr. 1910010/PBG/HH

### Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 1. nóvember sl. var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna starfs- og fjárhagsáætlunar SSH.

#### Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 lögð fram til samþykktar

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var aðgengileg í fundargögnum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 1. nóvember 2024 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2025 til samtakanna verði 170 kr. á hvern íbúa.

#### Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:


Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 1. nóvember 2024 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025 verði samþykkt.

#### Tillagan var samþykkt.

Í 1. mgr. 7. gr. samþykktta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna skuli afgreiddar á aðalfundi og staðfestar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2025 og er samkvæmt framansögðu óskað staðfestingar á henni. Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu þessa berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) sem fyrst.

Virðingarfullst,  
fyrir hönd SSH

  
Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

#### Meðfylgjandi

Starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2025  
Tillaga um árgjald samþykkt á aðalfundi 2024  
Fundargerð aðalfundar SSH 2024

## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2024, föstudaginn 1. nóvember, var haldinn 48. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Fundurinn var haldinn í Hlégarði Mosfellsbæ og hófst kl. 15:15. Fundarmenn eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

### Þetta gerðist:

#### **1. Setning aðalfundar.**

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar og formaður stjórnar SSH, setti fund, bauð gesti velkomna og stýrði kjöri fundarstjóra.

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri sviðs umbóta og þróunar hjá Mosfellsbæ, var kjörin fundarstjóri og tók hún við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörin Þóra M. Hjaltested bæjarlögmaður Mosfellsbæjar.

#### **2. Fram fara aðalfundarstörf samkvæmt 3. gr. samþykkta SSH.**

##### **2.1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár**

Regína Ásvaldsdóttir formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Árskýrsla SSH var aðgengileg í fundargönum.

##### **2.2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár**

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2023.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

##### **Rekstrarreikningur**

Rekstrartekjur kr. 88.317.511  
Rekstrargjöld kr. 79.306.143  
Fjármunatekjur kr. 3.053.110  
Afkoma ársins kr. 12.064.478

##### **Efnahagsreikningur**

Eignir kr. 100.992.971  
Eigið fé kr. 26.260.871  
Skammtímaskuldir kr. 74.732.100  
Eigið fé og skuldir samtals kr. 100.992.971

Endurskoðaður ársreikningur 2023 var aðgengilegur í fundargönum.

##### **2.3. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 lögð fram til samþykktar**

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var aðgengileg í fundargönum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 1. nóvember 2024 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2025 til samtakanna verði 170 kr. á hvern íbúa.

*Tillagan var samþykkt.*

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 1. nóvember 2024 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025 verði samþykkt.

*Tillagan var samþykkt.*

#### **2.4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda**

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Lagt er til að skoðunarmenn verði Heiða Björg Hilmisdóttir Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason Garðabæ.

Lagt er til að endurskoðandi SSH fyrir næsta starfsár verði KPMG endurskoðun.

*Tillagan var samþykkt.*

### **3. Önnur mál og umræður**

Því næst var opnað fyrir umræður.

Theódora S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi lagði fram tillögu um nýtt stöðugildi hjá SSH sem m.a. mætti nýta til að sækja um Evrópustyrki. Alexandra Briem, borgarfulltrúi í Reykjavík lýsti yfir stuðningi við tillöguna. Tillögunni var vísað til stjórnar SSH.

Líf Magneudóttir borgarfulltrúi í Reykjavík lagði fram fyrirspurn um stöðu afgreiðslu uppfærslu Samgöngusáttmálands hjá aðildarsveitarfélögnum. Formaður veitti almennar upplýsingar um stöðu mála. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness veitti upplýsingar um stöðu á afgreiðslu Samgöngusáttmála á Seltjarnarnesi.

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík tók til máls undir þessum lið.

### **4. Formannsskipti**

Einar Þorsteinsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar tók við formennsku í stjórn SSH af Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra Mosfellsbæjar.

Nýr formaður tók til máls og þakkaði fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf í þágu SSH.

### **5. Fundarslit.**

Fundarstjóri sleit fundi kl 15:46.

Þóra M. Hjaltested fundarritari

## Nafnlisti

Alexandra Briem	Reykjavík
Almar Guðmundsson	Garðabær
Árelía Eydís Guðmundsdóttir	Reykjavík
Árni Rúnar Þorvaldsson	Hafnarfjörður
Ásdís Kristjánsdóttir	Kópavogur
Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Einar Þorsteinsson	Reykjavík
Guðlaugur Kristmundsson	Garðabær
Halla Karen Kristjánsdóttir	Mosfellsbær
Heiða Björg Hilmisdóttir	Reykjavík
Helga Jónsdóttir	Kópavogur
Líf Magneudóttir	Reykjavík
Marta Guðjónsdóttir	Reykjavík
Rósá Guðbjartsdóttir	Hafnarfjörður
Sabine Leskopf	Reykjavík
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir	Kópavogur
Sigurþóra Bergsdóttir	Seltjarnarnes
Theódóra S. Þorsteinsdóttir	Kópavogur
Valdimar Birgisson	Mosfellsbær
Þorbjörg Gísladóttir	Kjós
Þór Sigurgeirsson	Seltjarnarnes
Örvar Jóhannsson	Mosfellsbær



**Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
(SSH) fyrir árið 2025**



Starfssemi SSH hefur eflst á undanförnum árum og er enn stefnt að því að efla hana frekar.

Hlutverk og markmið SSH ligga fyrir og eiga að endurspeglar dagalega starfsemi samtakanna:

### **Hlutverk og markmið SSH**

- Að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera sameiginlegur málsvari þeirra.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Að vinna að framþróun til hagseldar fyrir íbúa svæðisins.
- Að hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem stuðla að eflingu sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins í heild.
- Að fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innalands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.
- Að standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

### **Helstu verkefni á árinu 2025.**

Með ofangreind markmið að leiðarljósi er það vilji stjórnar SSH að efla vettvanginn enn frekar og þá með áherslu í átt að öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Í því ljósi var fjölgæð í starfsliði samtakanna árið 2019 og fengnir til starfa verkefnastjórar vegna einstakra verkefna samtakanna til að styrkja vinnu og mótonum leiða til að ná betur fram markmiðum þeirra. Oftast er verkefnastýringin fjármögnud með fjármagni í gegnum sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Með þessari ráðstöfun hefur orðið til öflugri verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögvinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningu og frumkvæði er varða hagsmunamál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2022 var ráðinn hagfræðingur í sumarstarf. Reynslan af því starfi hefur verið metin góð m.a. er varðar tölfræðilega vinnslu gagna og á árinu var unnið 2024 var ráðið í sumarstarf m.a til að sinna sóknaráætlunarverkefnum enn betur. Byggt verður frekar á verkefnamiðum greiningum heldur en að vera með hagfræðing í föstu starfi.

Ný heimasíða og samfélagsmiðlar á vettvangi SSH hafa verið nýttir betur á síðustu árum. Markmiðið með því er að koma upplýsingum og áherslumálum SSH á framfæri með skilvirkari hætti en áður. Á árinu 2021 var fjárfest í sérstöku fundarkerfi (ONE) til þess að auka aðgengi og öryggi gagna á þeim fundum sem haldnir eru vettvangi SSH. Með þeirri ráðstöfun hefur einnig skapast aukið aðgengi að fundargögnum, bæði kjörinna fulltrúa og almennings. Frekari þróun á nýrri heimasíðu og rafrænum aðgengismálum er fyrirhuguð á árinu 2025.

### **Skipulag og samgöngur**

Samkomulag við ríkið um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum á höfuðborgarsvæðinu var undirritað 26.september 2019. Eftirfylgni með því verkefni hefur verið mikil undanfarin ár sem og á vettvangi félagsins um framkvæmdirnar, Betri Samgangna ohf.. Gert er ráð fyrir áframhaldandi eftirfylgni SSH á efnisatriðum samgöngusáttmálans á árinu 2025 líkt og á árin á undan m.a. út frá þeirri endurskoðun sáttmálans sem fram hefur farið á árunum 2023 og 2024.



Vinna við framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins heldur áfram á árinu 2025 og verður það í höndum svæðisskipulagsnefndar eins og áður að afgreiða erindi sem henni berast sem og vinna að einstaka verkefnum sem varða framfylgd svæðisskipulags.

Í október 2023 stóðu svæðisskipulagsnefnd og SSH fyrir málþingi í Salnum í Kópavogi um hágæða grænar almenningssamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg, Innviðaráðuneytið, Kadeco og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmið fundarins var að eiga opið samtal um mögulegar lausnir til framtíðar, því það er deginum ljósara að núverandi samgöngulausnir munu ekki endast svæðinu til lengdar. Þátttaka í fundinum var góð og þegar mest var voru í salnum um 120 manns. Streymisáhorf var hátt í 700. Áhuginn á verkefninu var mikill og ljóst að ríki og sveitarfélög þurfa að vinna að sameiginlegri sýn um framtíð almenningssamgangna milli svæðanna og ákveða næstu skref.

Nefndin heimsótti tvö sveitarfélög frá síðasta ársfundi SSH. Þann 17. nóvember 2023 heimsótti nefndin Garðabæ í boði skipulagsnefndar og skipulagsstjóra Garðabæja og þann 3. maí 2024 heimsótti nefndin Mosfellsbæ í boði skipulagsnefndar og skipulagsstjóra Mosfellsbæjar. Heimsóknirnar eru hluti af áherslum nefndarinnar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 að heimsækja sveitarfélögin sem standa að svæðisskipulagi og kynnast helstu skipulagsverkefnum sem standa yfir.

Almannavarnir heimsóttu nefndina á skrifstofu SSH þann 12. janúar 2024. Tilefni heimsóknarinnar var að kynna fyrir nefndinni starfsemi Almannavarna, hlutverk Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðis og skipulag sem er virkjað á hættustundum. Þá var farið yfir áhættumat sem almannavarnir gerðu fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2011 og stöðu vinnu við gerð nýs áhættumats fyrir höfuðborgarsvæðið

Skipulagsstofnun og svæðisskipulagsnefnd / SSH stóðu fyrir útgáfuhófi í anddyri Skipulagsstofnunar 25. janúar 2024 vegna útgáfu leiðbeininganna Mannlíf, byggð og bæjarrými. Vefsvarði leiðbeininganna var opnað af Ólafi Árnasyni forstjóra Skipulagsstofnunar og Paweł Bartoszek formanni svæðisskipulagsnefndar. Þá voru leiðbeiningarnar kynntar sérstaklega á hönnunarmars í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í apríl

Á vegum samráðshóps um vatnsvernd- og vatnsnýtingu hefur verið unnið að reglubundinni uppfærslu grunnvatnslíkans rennslisvatns á höfuðborgarsvæðinu og á árinu 2024 hófst vinna við fjölgun rannsóknarborholu í Bláfjöllum, sem eru hluti af mótvægisáðgerðum vegna stækkunar skíðasvæðanna í Bláfjöllum. Mikilvægt er að samráðshópurinn starfi áfram og vinni að sameiginlegum verkefnum vatnsverndar og vatnsnýtingar.

#### **Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.**

Unnin var ný sóknaráætlun fyrir árin 2020-2024 og tók áætlunin gildi frá 1.janúar 2020. Sóknaráætlun var unnin á grundvelli nýs samnings milli Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, mennta-og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Áfram verða sterkt tengsl á milli svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og verkefna sóknaráætlunar. Framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn og svæðisskipulagsstjóri SSH hafa haldið utan um áhersluverkefni Sóknaráætlunar ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum og er gert ráð fyrir því fyrrkomulagi áfram á árinu 2025.

#### **Byggðasamlög og skíðasvæði.**

Áframhaldandi utanumhald og stuðningur verður við byggðasamlögum skv. eigendastefnu Strætó bs. og Sorpu bs.

Áfram verður unnið að verkefni um stjórnsýslulega stöðu byggðarsamlaganna m.a. með aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa. Stefnuráði hefur verið komið á og verður unnið á vettvangi þess á árinu 2025.

Áframhaldandi vinna og aðkoma að uppbyggingu og framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisns.



## Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk.

Fjögur sveitarfélög innan SSH endurgerðu samning sín á milli um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á árinu 2020 og unnið var að sameiginlegu útboði um rekstur ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs. Á árinu 2025 verður hefðubundin eftirfylgni samkomulagsins á vettvangi SSH.

### **Pverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir.**

Á vettvangi SSH starfa nefndir og verkefnahópar sem gert er ráð fyrir að starfi áfram á árinu 2025.

#### **Formlegar nefndir:**

Svaðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sem byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

Skólamálaneftnd SSH, en nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósahreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélagnna á sviði fræðslumála.

#### **Viðvarandi samstarfshópar:**

Samráðshópur á sviði velferðarmála.

Stýrihópur vatnsverndar og vantsnýtingar.

Fagráð svæðisskipulags.

#### **Tímabundinr samstarfs- / verkefnahópar:**

Verkefnahópur um framkvæmdir á skíðasvæðunum.

#### **Önnur verkefni.**

Umsjón og framkvæmd á viðhaldi höfuðborgargirðingarinnar heldur áfram venju samkvæmt á árinu 2025.

## **Fjárhagsáætlun SSH 2025**

Fjárhagsáætlun SSH endurspeglar starfsemi samtakanna. Unnin er fjárhagsáætlun fyrir rekstur og fjárhag samtakanna og haldið er sérstaklega utan um þau verkefni í bókhaldi SSH sem unnið er að á hverjum tíma. Dæmi um slíkt bókhaldslegt utanumhald er kjarnastarfsemi SSH, starfsemi svæðisskipulags, sóknaráætlana og annara verkefna sem unnin eru á vettvangi og ábyrgð SSH til skemmri eða lengri tíma.

Á skrifstofu SSH starfa fjórir starfsmenn í 3,7 stöðugildum. Um er að ræða framkvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra, lögfræðing og fulltrúa á skrifstofu sem sér um bókhald, afgreiðslu og vefsíðu ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Utanaðkomandi verkefnastjórar halda utan um hluta áhersluverkefna sóknaráætlunar og önnur verkefni sem ráðist er í. Þá er hluta af bókhalds- og launavinnslu útvistað.

Forsendur fjárhagsáætlunar eru þær helstar að gert er ráð fyrir því að almennir rekstrargjaldaliðir hækki um 3,9 % (neysluvísitala) og laun samkvæmt ramma kjarasamninga. Gert er ráð fyrir því að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækki milli ára og verði 54 millj. kr. Framlag sveitarfélagnna verði 170 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2025 og hækki úr 164 kr á hvern íbúa, frá fyrra ári m.v. áætlaða verðlagsbreytingu 3,9%.

Frá árinu 2022 hefur verið unnið að þróun á nýrri heimasíðu SSH og verður hún endurbætt áfram og þróuð á árinu 2025.



Ljóst er að slagkraftur samtakanna þarf að aukast í gegnum nútíma miðlun upplýsinga m.a. með því að útbúa efni og setja fram á samfélagsmiðlum og heimasíðu. Í þarfagreiningu nýrrar heimasíðu kom fram að mikilvægt er að halda vel utan um efni síðunnar og koma efninu mun markvissar á framfæri við markhópa og hagaðila.

Samantekið verða því á árinu 2025 tekin frekari skref í þá átt að efla greiningaþátt starfseminnar m.a. með aðkeyptum greiningum sérfræðinga og á sama tíma efla virkni á netinu m.a. með nýrri heimasíðu og aukinni virkni á samfélagsmiðlum til að koma efni og áherslum samtakanna á framfæri. Í fjárhagsáætlun 2025 er áætlað fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónustu vegna framangreindra þátta um 6.millj. kr.

Hugað verður vel að starfsmannapætti samtakanna á árinu 2025 m.a. með hagnýtum námskeiðum sem nýtast hverjum og einum út frá starfi og styrkur til heilsuræktar og - eflingar er áætlaður 29.000 kr. á árinu 2025.

Í töflu 1 má sjá skiptingu á framlögum sveitarfélaganna til SSH á árinu 2024 og 2025. Í töflu 2 yfirlit yfir helstu verkefni SSH á árinu 2025.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.09.2024	Hlutfall	Framlag 2024	Áætlað framlag 2025	Mismunur
Reykjavíkurborg	145,806	56.31%	23,514,812	24,787,020	1,272,208
Kópavogsþær	41,354	15.97%	6,653,480	7,030,180	376,700
Seltjarnarneskaupstaður	4,742	1.83%	772,604	806,140	33,536
Garðabær	20,309	7.84%	3,197,016	3,452,530	255,514
Hafnarfjarðarkaupstaður	32,309	12.48%	5,166,492	5,492,530	326,038
Mosfellsbær	14,107	5.45%	2,257,952	2,398,190	140,238
Kjósarhreppur	297	0.11%	45,428	50,490	5,062
					-
Samtals	258,924	100%	41,607,784	44,017,080	2,409,296

Tafla 1. Áætlun um framlög sveitarfélaganna til SSH á árinu 2025.

Verkefnakostnaður	Fjárhagáætlun 2025
Viðhald höfuðborgargirðingar	7.000.000
Sóknaráætlun - framlag	6.000.000
Annar verkefnakostnaður	3.500.000
Verkefni vegna byggðasammlaga	2.500.000
<b>Samtals</b>	<b>19.000.000</b>

Tafla 2: Áætlaður sérstakur verkefnakostnaður á árinu 2025.

Helstu niðurstöður eru þær að gert er ráð fyrir því að rekstur verði í tapi sem nemi 1,7 millj. kr og handbært fé í árslok 2025 verði um 36,4.millj. kr.



## SSH FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

	Raunt. M01-09 áætlun M10-12	Fjárhagsáætlun 2024	Fjárhagsáætlun 2025
<b>TEKJUR</b>			
Árgjöld aðildarsveitarfélaganna	-41.607.784	-41.145.993	-44.017.080
Framlag jöfnunarsjóðs	-51.320.496	-51.300.000	-54.000.000
Aðrar tekjur	0	0	0
<b>TEKJUR ALLS:</b>	<b>-92.928.280</b>	<b>-92.445.993</b>	<b>-98.017.080</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld	58.315.805	54.830.807	59.945.331
Húsnæðiskostnaður	8.798.897	8.843.730	9.282.350
Skrifstofa, uppl.kerfi, fundakostn. o.fl.	21.564.859	19.913.742	21.636.424
<b>Samtals rekstur skrifstofu</b>	<b>88.679.561</b>	<b>83.588.279</b>	<b>90.864.105</b>
Hlutdeild ríkisins í sóknaráætlun	-3.625.987	-2.969.215	-3.625.987
Hlutdeild svæðisskipulags	-5.000.000	-5.000.000	-5.000.000
Hlutdeild tímab. verkefna	0	0	0
<b>Samtals framlag til rekstrar</b>	<b>-8.625.987</b>	<b>-7.969.215</b>	<b>-8.625.987</b>
<b>Nettó rekstur skrifstofu</b>	<b>80.053.574</b>	<b>75.619.064</b>	<b>82.238.118</b>
<b>Verkefnakostnaður</b>	16.019.968	<b>17.500.000</b>	<b>19.000.000</b>
<b>Fjármagnsliðir</b>	-2.951.514	-750.295	-1.452.478
<b>HEILDARNIÐURSTAÐA</b>	<b>193.748</b>	<b>-77.224</b>	<b>1.768.559</b>

Tafla 3: Fjárhagsáætlun SSH 2025.

# Aðalfundur SSH

## 1. nóvember 2024

Tillaga til aðalfundar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 1. nóvember 2024 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2025 til samtakanna verði 170 kr. á hvern íbúa.



Reykjavík, 27. nóvember 2024  
MSS24110028

## Umsögn

**Efni:** Starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2025  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til bréfs Samtaka Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 6. nóvember 2024, vegna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna.

Fram kemur að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sem haldinn var þann 1. nóvember sl., hafi verið fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og hún lögð fram til samþykktar.

Stjórn SSH lagði til við aðalfund að árgjald aðildarsveitarfélaga til samtakanna verði 170 kr. á hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins á árinu 2025 og hækki úr 164 kr. á hvern íbúa frá fyrra ári miðað við áætlaða verðlagsbreytingu 3,9%. Var tillagan samþykkt. Tillagan er afgreidd af aðildarsveitarfélögum með samþykkt fjárhagsáætlunar.

Sá kostnaður sem fellur á Reykjavíkurborg miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. september 2024 og er 56,31% eða sem nemur 24.787.020 fyrir árið 2025 miðað við framlagða áætlun. Fyrir árið 2024 var gjaldið 23.514.812. Mismunurinn milli ára er 1.272.208.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs